

Djúpgámar


Leiðbeiningar

Terra umhverfispjónusta

Áratuga reynsla og þekking

27.07.2023


Að koma djúpgámi fyrir



- » Djúpgámur, UWS, samanstendur af forsteyptum kjarna með áföstu öryggisgólfi.
- » Í kjarnanum kemur stálgámur með innmötunartoppi. Neðst á botni kjarnans er lítill stálrammi sem gámurinn situr á.
- » Ytri mál eru 1860mm x 1860mm, dýptin á staðlaðri 5m³ einingu er 2655mm.
- » Vegna takmarkana á flutningshæð kemur innmötunartoppurinn laus á bretti.
- » Mælt er með að notast sé við lyftara með löngum göflum við affermingu eða sérstakar hýfiklemmur ásamt öflugum krana.
- » Heildarþyngd einingar með öllu er ~5.900 kg.


8 djúpgámar

- » Á myndinni má sjá dæmi um uppröðun á 8 djúpgámum.
- » Fjarlægð milli raða af djúpgámum skal að lágmarki vera 130 cm til að auðvelda aðgengi hjólastóla við gámana.
- » Tæming djúpgáma þarf að geta farið fram utanvert við báðar langhliðar.




8 djúpgámar


- » Mælt er með að hafa að minnsta kosti 20 cm á milli gámana. Í undantekningartilvikum er hægt að setja þá með aðeins 2 cm millibili.
- » Minni vegalengdin á ekki við ef grunnvatnshæð er há.




Frágangur á 5 m³ djúpgám



Frágangur á 4 m³ djúpgám







Frágangur á 3 m³ djúpgám




Aðgengi

Hálkuvarin riffluð málplata 2% halli.



Tryggja þarf gott aðgengi fyrir hjólastólanotendur.

Hvað þarf að huga að varðandi frágang djúpgáma?



- » Þegar djúpgámar eru staðsettir verður að taka tillit til nærliggjandi umhverfis.
- » Yfirborð gámsins er með halla til að tryggja frárennsli regnvatns.
- » Til að tryggja að ekkert vatn leki inn í gáminn, ætti aðliggjandi jörð að halla aðeins frá gámnum.
- » Áríðandi að öryggisgólf sé í akstursstefnu söfnunarbíls.

Ef hættu er á miklu magni af yfirborðsvatni frá til dæmis aðliggjandi hæð/brekku, ætti að beina regnvatni á viðeigandi hátt.




Aðgengi fyrir losun



- » Mikilvægt er að losunarbíll komist að gám á öruggan hátt. Bíllinn er stór og það ætti að forðast að bakka honum meira en sem um nemur einni bíllengd.
- » Halda ætti bilinu 5 metra frá hlið bíls að miðju íláts.
- » Bílastæði eru bönnuð á milli djúpgáma og losunarbíls.
- » Það verður að vera 10 metra svæði laust fyrir ofan ílátið (skyggni, svalir ofl.), engar hindranir 2 metra frá gámnum.
- » Minnum á að lítil tré verða stór. Forðast skal staðsetningu trjáa innan tveggja metra frá framhliðinni.
- » Ekki skal setja djúpgáminn þannig að viðlegukantur losunarbíls verði á fjölförnum vegi eða að bíllinn verði að stoppa þar sem gangandi vegfarendur eiga leið um.

Ílátin og inntaksopin



- » Ílátin eru úr galvanhúðuðu stáli og þau sett ofan í steypa gryfju sem er með öryggisgólfi að ofan.
- » Ílátin eru hönnuð, framleidd og prófuð af þriðja aðila (TÜV) í samræmi við hæstu evrópsku staðla EN 13071-1, EN 13071-2.



- » Innkastsop fyrir flokkun á ólíkum úrgangi eru í boði; blandaðan úrgang, matarleifar, gler, pappír, plastumbúðir og málms.
- » Innkastsopin eru í samræmi við venjulegar kröfur og aðlöguð fyrir hjólastólanotendur.
- » Innkastop gámana eru læsanleg.

Hlutverk Terra umhverfisþjónustu

Við viljum mæta þörfum viðskiptavina með sérfræðipækkingu, áhuga og frumkvæði að leiðarljósi.

Höfum langtímasamband að markmiði og umhverfið í forgangi.



Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á:



djupgamar@terra.is